

**270. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4,  
mánudaginn 3. júlí 2023 og hófst hann kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Guðmundur Ingþór Guðjónsson formaður, Sædís Alexía  
Sigurmundsdóttir varaformaður, Anna Sólveig Smáradóttir aðalmaður, Sigurður  
Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Halla Marta  
Árnadóttir skipulagsfulltrúi, Ásbjörn Egilsson verkefnastjóri, Anna Þóra  
Gísladóttir verkefnastjóri og Lárus Ársælsson umhverfisstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Anna Þóra Gísladóttir, verkefnastjóri.

**Fyrir tekið:**

**1. 2209259 - Stefnumótun Akraneskaupstaðar**

Kynning á drögum að heildarstefnu Akraneskaupstaðar.

*Valdís Eyjólfssdóttir verkefnastjóri fór yfir greinargerð um stefnumótun  
Akraneskaupstaðar. Skipulags- og umhverfisráð þakkar góða vinnu og Valdísí  
fyrir greinargóða kynningu.*

**2. 2204141 - Æðaroddi 42 og 44 - lóðamál**

Samningur um afnot beitarlands á Æðarodda milli Akraneskaupstaðar og  
Hestamannafélagsins Dreyra kynntur.

*Skipulags- og umhverfisráð samþykkir fyrirliggjandi drög að samningi og felur  
Jóni Arnari Sverrissyni garðyrkjustjóra að ganga frá samningi við  
Hestamannafélagið Dreyra um afnot beitarlands á Æðarodda.*

**3. 2305247 - Lóðarleigusamningar endurnýjun**

Farið yfir lóðarleigusamninga á svæðum sem á að endurskipuleggja.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð, sem starfar í umboði  
bæjarstjórnar, að fyrirliggjandi drög að lóðarleigusamningi verði samþykkt vegna  
svæða þar endurskipulagning er fyrirhuguð.*

**4. 2306157 - Lækjarflói 2 - fyrirspurn til skipulagsfulltrúa**

Fyrirspurn Merkjakkappar ehf. vegna breytinga á deiliskipulagi Flóahverfis um  
hækku á nýtingarhlutfalli úr 0,35 í 0,506.

*Skipulags- og umhverfsráð tekur jákvætt í erindið og felur skipulagsfulltrúa vinna  
málið áfram.*

**5. 2207011 - Deiliskipulag Dalbrautarreitur - norðurhluti**

Drög að tillögu deiliskipulags Dalbrautarreits - norðurhluta kynnt.

*Skipulags- og umhverfisráð felur skipulagsfulltrúa að vinna málið áfram.*

**6. 2207007 - Deiliskipulag Breiðarsvæði - Bárugata 15, breyting**

Breyting á deiliskipulagi Breiðarsvæðis vegna lóðar Bárugötu 15 var auglýst samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, frá 11. maí til og með 22. júní 2023. Engar athugasemdir bárust.

*Eftir er að ganga frá samningi vegna innviðagjalds við lóðarhafa. Málið verður tekið fyrir að nýju eftir að undirritun samningsins liggur fyrir hjá lóðarhafa.*

**7. 2303092 - Suðurgata 126 - Umsókn til skipulagsfulltrúa**

Umsókn S126 ehf. um breytingu á deiliskipulagi Sementsreits vegna lóðar Suðurgötu 126. Sótt er um breytta notkun húss úr geymsluhúsnæði í íbúðarhúsnæði, skilgreindur verður byggingarreitur undir mannvirkni á lóðinni og breyting á últiti húss. Bílskúrshurð tekin út á norðausturhlíð og gluggi settur í staðinn, aðrar hliðar haldast óbreyttar. Skilgreindur byggingarreitur C, heimild að byggja 77fm skv. nágildandi skipulagi.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til að að breytingin verði grenndarkynnt skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, fyrir lóðarhöfum Sementsbrautar 15, Suðurgötu 124 og 122, Skagabraut 24 og Jaðarsbraut 3.*

**8. 2306198 - Deiliskipulag Akraneshöfn**

Kynning á fyllingu við Akraneshöfn samanber Aðalskipulag Akraness 2021-2033, kafli 3.21.1 "Lokið skal gerð deiliskipulags hafnarsvæðisins. Höfn og athafnasvæði fyrir hafnsækna starfsemi, fiskiðnað og aðra athafnastarfsemi. Gert er ráð fyrir lengingu hafnarkants og um 6 ha. landfyllingu sunnan núv. sjóvarnargarðs. Lenging sjóvarnargarðs er með fyrirvara um að gerð verði athugun á áhrifum hennar á sandflutninga og sandbúskap Langasands. Hluti svæðisins er innan þróunarsvæðis A og breytingar hugsanlegar sbr. kafla 3.21.1."

*Skipulags- og umhverfisráð felur skipulagsfulltrúa að koma af stað endurskoðun á deiliskipulagi Akraneshafnar.*

**9. 2303217 - Brú hses - Stofnframlag vegna sex íbúða kjarna 2023  
(Tjarnarskógar 15)**

Bæjarráð vísaði málinu til umsagnar skipulags- og umhverfisráðs og velferðar- og mannréttindaráðs á fundi sínum þann 15. júní sl. Málið komi síðan að nýju fyrir bæjarráð.

*Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi fór yfir lóðamál er varðar íbúðakjarna í Skógarhverfi. Skipulags- og umhverfisráð leggur til að íbúðakjarni verði færður að Skógarlundi 40 með smávægilegri breytingu á skipulagi. Að öðru leyti er málinu vísað til bæjarráðs.*

**10. 2202110 - Niðurrif eigna í eigu Akraneskaupstaðar.**

Tilboð í niðurrif fjögurra eigna, Dalbrautar 8, Dalbrautar 10, Suðurgötu 108 og Suðurgötu 124 kynnt.

Fjögur tilboð bárust í verkið (með vsk):

Heflun kr. 112.935.000  
Neshamar ehf. kr. 83.026.960  
A.B.L. Tak kr. 75.456.240  
Urð og grjót ehf. kr. 69.790.000

Kostnaðaráætlun er kr. 60.000.000 m.vsk.

*Skipulags- og umhverfisráð felur Ásbirni Egilssyni að semja við lægstdjóðanda, Urð og grjót ehf, með fyrirvara um að þeir uppfylli kröfur.*

**11. 2006228 - Jaðarsbakkar 1 - hönnun íþróttamiðstöðvar**

Tillaga hönnuðar að lausn aðgengis fyrir hreyfihamlaða utanhúss.

*Ásbjörn Egilsson verkefnastjóri fór yfir tillögu hönnuða vegna aðgengis hreyfihamlaða utanhúss.*

*Skipulags- og umhverfisráð felur Ásbirni frekari vinnslu málsins.*

**12. 2203198 - Brekkubæjarskóli - endurbætur 1. hæðar**

Minnisblað eftir skoðun á kennslueldhúsi lagt fyrir.

*Ásbjörn Egilsson verkefnastjóri fór yfir minnisblað um kennslueldhús á 1. hæð Brekkubæjarskóla.*

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til að kennslueldhús verði hluti af 1. áfanga framkvæmdar vegna endurbóta á 1. hæð Brekkubæjarskóla.*

**13. 2304021 - Starfshópur um framtíðarþörf leikskólaplássa á Akranesi**

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 16. mars sl. að stofna starfshóp til að meta stöðuna og vinna tillögur að mögulegum lausnum í húsnæðismálum leikskóla á Akranesi. Hópnum var falið að gera þarfagreiningu á stöðunni í dag og leggja fram áfangaskiptar tillögur að lausnum til lengri og skemmtilegri tíma.

Starfshópurinn hefur lokið vinnu sinni og skilað inn minnisblaði með tillögum o.fl.

*Skipulags- og umhverfisráð þakkar Ásbirni Egilssyni verkefnastjóra, greinargóða kynningu og hópnum fyrir vel unnin störf.*

**14. 2305047 - Flóahverfi norður - útboð á gatnagerð**

Verökönnun á eftirliti með framkvæmd á gatnagerð í Flóahverfi.

*Eftirfarandi þrjú tilboð bárust (með vsk):*

*VSÓ kr. 22.654.800*

*Efla kr. 17.273.200*

*Verkís kr. 16.405.200*

*Skipulags- og umhverfisráð felur Lárusi Ársælssyni umhverfisstjóra að ganga til samninga við lægstdjóðanda.*

**15. 2210064 - Breyting á sorpmálum 2023**

Framlenging á samningi Terru um sorphirðu og rekstur Gámu.

*Skipulags- og umhverfisráð samþykkir framlengingu á samningi um sorphirðu og rekstur Gámu til 31.3.2024.*

**16. 2307008 - Flóahverfi - Framkvæmdaleyfi**

Umsókn um framkvæmdarleyfi vegna gatnagerðar í hluta Flóahverfis ásamt tilheyrandi veitum og yfirborðsmótun í samræmi við deiliskipulag áfanganna (samþykkt bæjarstjórn 14. mars 2023).

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð að samþykka framkvæmdaleyfi vegna gatnagerðar í Flóahverfi, skv. 10. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20:00.**

*Gut. - Sigríður Guðjónsdóttir  
Sórais Alvaria Sígyrmundarsel.  
Anna Ólafsdóttir*